

# FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR

## 1. október 2019

Aðalfundur Foreldrafélags Fossvogsskóla. Fundurinn er haldinn þriðjudaginn 1. október 2019 í íþróttasal Fossvogsskóla.

U.þ.b. 20 fundarmenn mættir.

Karl Óskar Þráinsson, formaður FFF setur fundinn.

### 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Fundarstjóri einróma kosinn Ragnar Björgvinsson. Fundarritari einróma kosin Eyþóra Hjartardóttir. Fundarstjóri kannar hvort fundurinn sé löglega boðaður. Staðfest að svo sé.

### 2. Skýrsla stjórnar

Karl Óskar Þráinsson formaður fór yfir skýrslu stjórnar. Sjá í sér skjali.

Skýrsla stjórnar borin undir atkvæði og samþykkt.

### 3. Reikningar félagsins

Unnur Björnsdóttir, gjaldkeri, fór yfir reikninga félagsins og stöðu þess. Hagnaður í ár. Farið yfir stærstu tekjuliði og útgjöld ársins. Góð staða félagsins. Gert ráð fyrir að fjárfesta í hljóðfærum í vetur og styrkja starf skólans með þeim fjármunum. Reikningar félagsins bornir um atkvæði og samþykktir.

### 4. Lagabreytingar

Með fundarboðinu voru sendar tillögur að nýjum starfsreglum fyrir félagið. Karl Óskar Þráinsson fer yfir nýju reglurnar og helstu nýmæli í þeim. Hlutverk félagsins lögum samkvæmt fest í sessi í reglunum og sett markmið um það hvernig félagið hyggst rækja það hlutverk. Breytingar sem verða á skipan í stjórn. Ekki sérstök þörf á varamönnum þar sem tæknin gerir flestum kleift að taka þátt í stjórnarfundum og ekki mikið um það að fólk komist ekki vegna veðurs eða ófærðar. Því ákveðið að fjölga frekar föstum stjórnarmönnum og virkja alla krafta sem bjóðast í þágu barnanna okkar. Breytingar á kosningu í skólaráð að því leyti að hvor fulltrúi um sig sé kosinn sitt hvort árið. Nýmæli að fjalla um nefndir á vegum félagsins í reglunum. Fulltrúaráðið er sýnilegra í reglunum nú en bekkjarfulltrúar mynda það. Reikningsárið skilgreint sem skólaárið og mælt fyrir um skipan og boðun stjórnarfunda. Þetta eru helstu breytingar. Nýju reglurnar bornar undir atkvæði fundarins. Samþykktar einróma.

### 5. Kosning (stjórn, skólaráð, skoðunarmenn reikninga)

## Stjórn Foreldrafélags Fossvogsskóla

### Í framboði til stjórnar:

Elfa Þöll Grétarsdóttir  
Eyþóra Hjartardóttir  
Guðrún Lára Skarphéðinsdóttir  
Hrund Hauksdóttir  
Illugi Gunnarsson  
Karl Óskar Þráinsson  
Magnús Már Guðmundsson  
Unnur Björnsdóttir

Fundarstjóri kannar hvort fleiri vilja bjóða sig fram í stjórn en þeir sem þegar hafa tilkynnt um framboð. Ekki fleiri sem bjóða sig fram.

Ekki aðrir í framboði og fjöldi frambjóðenda í samræmi við nýjar starfsreglur. Ekki þörf á því að kjósa á milli og stjórn því sjálfkjörin.

### Kosning í skólaráð:

Karl Óskar Þráinsson situr í skólaráði og var í fyrra kjörinn til tveggja ára. Hann situr því áfram. Í framboði núna er Agnar Freyr Helgason. Varamaður í framboði er Eyþóra Hjartardóttir.

Ekki aðrir í framboði þannig að þau eru sjálfkjörin.

### Skoðunarmenn reikninga:

Í framboði sem skoðunarmenn reikninga eru:

Helga Dögg Björgvinsdóttir og Erna Bjargey Jóhannsdóttir. Ekki aðrir í framboði og þau því sjálfkjörin.

## **6. Ákvörðun félagsgjalda**

Fjárhagsleg staða félagsins er góð. Lagt til að ekki verði lögð á félagsgjöld í ár. Samþykkt einróma.

## **7. Önnur mál**

### *7.1 Erindi Aðalbjargar fráfarandi skólastjóra.*

Skólastjóraskipti fara fram 29. október nk. Alla fer yfir ýmislegt sem hefur verið gert til að skerpa á umsjón með nemendum og sýnileika þannig að foreldrar séu vel upplýstir s.s. tölvupóstar o.fl. Skólapúlsinn könnun. Kemur vel út í Fossvogsskóla. Niðurstöðurnar eru inni á heimasíðu skólans en skólastjórnendur rýna vel í niðurstöður könnunarinnar. Farið yfir stöðu nemenda í Fossó í samræmdu prófunum 2018 og glænýjar tölur úr lestrarkönnun. Staðan á nemendum Fossvogsskóla almennt góð. Þrátt fyrir allar þær breytingar sem verið hafa að undanfögnu tengdar húsnæðinu hefur tekist vel að verja innra starf skólans. Jákvæð áhrif, lærðum mikið og samheldni kennara hvað varðar innra starfið meiri.

## Stjórn Foreldrafélags Fossvogsskóla

### 7.2. Erindi Ingibjargar Ýrar, nýs skólastjóra.

Ingibjörg fer yfir sinn bakgrunn og menntun. Öll börn skipta máli. Fer aðeins yfir stöðu nemenda í Fossó varðandi lesturinn. Leggur ríka áherslu á nemendalýðræði og samþættingu námsgreina. Samfella í námi mikilvæg og að mæta nemendum á þeim stað þar sem þau eru hverju sinni. Byggjum á þrautsegu og seiglu og viljum ýta nemendum áfram. Leiðsagnarnám en ekki bara innlagnir. Nemendur fá áætlanir fá 4. bekk og læra smám saman að taka ábyrgð á námi sínu. Kennarinn búinn að varða leiðina og svo læra nemendur sjálfir aðeins að skipuleggja sig. Teymiskennslan rauði þráðurinn í Fossó. Skýr námsmarkmið. Skólanámskrá og kennsluáætlanir. Öflugt upplýsingaflæði til foreldra. Öflugt samstarf heimils og skóla.

### 7.3. Skólaferðalög til Danmerkur í 7. bekk.

Foreldri barns í 7. bekk vildi ræða um skólaferðalag til Danmerkur í 7. bekk. Langar að koma með þetta inn á þennan vettvang. Ekki hrifinn af þessu fyrirkomulagi. Ekki hlutverk skólans að standa fyrir utanlandsferðum fyrir nemendur. Fjárhagur foreldra misjafn. 90% foreldra samþykkir þessu. Ef þetta á að verða hefð þá vill hann að umræðan verði tekin í heild sinni innan foreldrahópsins og að skipulagi og ut anumhaldi verði komið í fastmótaðra horf. Alla svaraði erindinu og upplýsti um að þetta hefði tvisvar sinnum áður verið gert og byggðist á áhuga foreldra og vilja til að taka þátt. Skólinn hefur borgað laun kennara. Skilyrði að sé yfir 90% þátttaka og að safnað yrði fyrir útgjöldum vegna þessa svo enginn yrði fyrir aukakostnaði. Hugmyndin alltaf komið úr foreldrahópnum. Hefur gengið mjög vel. Fundur framundan með skólastjórnendum og 7. bekkjarforeldrum til að ræða málið nánar. Stjórn FFF skoðar hvort rétt sé að ræða málið innan þess.

Fleira ekki gert.

Fundargerð ritaði EHj.